

# Fornleifakönnun að Útskálum, Garði



Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson  
Framvinduskýrsla

**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS282-05101**  
**Reykjavík 2005**

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*  
**Sími: 551 1033**  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

***Forsíða:*** *Útsýni frá prestsetrinu að Útskálum til austurs yfir kirkjugarðinn.*

## Fornleifakönnun að Útskálum, Garði

### Framvinduskýrsla.

Að ósk aðstandenda Menningarseturs að Útskálum ehf var gerð athugun á mannvistarleifum í bæjarhólnum að Útskálum í Garði, Gullbringusýslu. Á bæjarhólnum stendur gamalt íbúðarhús með niðurgröfnum kjallara. Fyrirhugað er að reisa nýja viðbyggingu við norðurhlið hússins. Þar stóð viðbygging fyrir, en heldur minni en sú sem til stendur að byggja.

**Tilgangur** forkönnunarinnar var að athuga hvort mannvistarleifar væri að finna á þessum hluta bæjarhólsins, og afla gagna um hve fýsilegt væri að reisa þar nýja byggingu m.t.t. varðveislu og umfangs fornleifa á reitnum.

Vettvangsrannsókn fór fram dagana 23.-25. ágúst. Guðrún Alda Gísladóttir stjórnaði verkinu en aðrir þátttakendur voru Uggi Ævarsson og Adolf Friðriksson.

**Rannsóknarsvæðið** takmarkast af grunni gömlu viðbyggingarinnar. Gryfja grunnsins er mest 3,8 metrar frá A til V, og 3 metrar frá N til S. Dýpst var hún austanmegin, allt að 1,4 metrar, en u.þ.b. 1 metri vestanmegin. Í gryfjunni var gróf mól (sem hafði borist af planinu í kringum íbúðarhúsið gamla), skeljasandur (en steypa í sökklí viðbyggingarinnar hafði verið hrærð út í skeljasand sem og undirstöður hússins) og steypuklumpar úr skeljasandssteypu. Mölin, sandurinn og sökkullinn voru fjarlægð með aðstoð skurðgröfu. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til.

Er fyllingin hafði verið fjarlægð kom þegar í ljós að á þessum stað í bæjarhólnum er töluvert af mannvistarleifum, bæði úrgangslögum og byggingaleifum. Eins varð ljóst að þessum minjum hefur verið töluvert raskað. Við **austurbrún** gryfjunnar hefur á sínum tíma verið grafið fyrir stórum olíutanki og þannig tekin töluvert sneið úr jarðlagasamhengi og mannvistarleifum austan við grunn viðbyggingar. Jafnframt hefur verið grafið fyrir skolpleiðslum þeim megin. Íbúðarhúsið markar suðurmörk gryfjunnar. Undir húsinu er niðurgrafinn kjallari og hefur hann nýlega verið dýpkaður. Er botn grunnsins um 2 metra fyrir neðan yfirborðið utan húss, og líklegt að nær allar mannvistarleifar undir húsinu hafi verið fjarlægðar. Skerðir það talsvert varðveislu- og heimildagildi fornleifanna á bæjarhólnum öllum.

#### **Vestursnið og vestursvæði gryfjunnar** (sjá mynd 1)

Er fyllingarefni og jarðvegsrask frá síðustu áratugum hafði verið fjarlægð og gryfjan hreinsuð blasti við vel varðveittur torfveggur vestast í prufuholunni. Er hann hlaðinn úr streng, með dökkum röndum sem líklegast eru gjóskulög. Ekki er ljóst hverju hann tilheyrir, enda sést einungis til hans í vesturbrún skurðarins. Má vera að hann hafi tilheyrt byggingu sem hefur að mestu verið fjarlægð þegar viðbyggingin var reist, sem og sjálft íbúðarhúsið sunnan við. Eins er þó mögulegt að torfhleðslan sé hluti af mannvirki sem hverfur undir mörk rannsóknarsvæðisins, og gæti byggingin mögulega verið vel varðveitt undir óhreyfðum jarðlögum þar. Torfveggurinn situr á þéttum, hreyfðum jarðlögum, með leifum af torfi, kolaflekkjum og einstaka grjóti. Minnir lagið einna helst á torfhrun. Í laginu er steinhleðsla sem virðist ekki eiga við fyrrnefndan torfvegg, heldur er hún mögulega leifar af eldri vegg, sem gengur þvert á torfvegginn. Steinhleðslan hefur verið rofin þegar grunnur viðbyggingar var tekinn. Í sárinu má sjá a.m.k. 4 umför af hleðslugjóti.

### **Norðursnið og norðursvæði gryfjunnar** (sjá mynd 1 og 2)

Jarðlög í norðursniði gryfjunnar eru röskuð niður á a.m.k. 0,5 m dýpi, nú síðast vegna jarðstrengs sem þar liggur A-V og svo hreyfðu lagi blönduðu skeljasandi sem líklega má rekja til þess tíma er gamla viðbyggingin var byggð. Neðan þessa rasks í norðurbrúninni og á bálkinum (0,38 m hár) sem myndaðist er grafið var fyrir sökkli viðbyggingarinnar er mjög lagskiptur jarðvegur. Þar skiptast á lög með mismiklu kola- og öskuinnihaldi. Í þeim er talsvert magn af dýrabeinum, vel varðveittum. Í bálkinn hafði verið grafin 20 cm djúp hola sem var full af röskuðum jarðvegi, grús og skeljasandi, líklega frá byggingu viðbyggingarinnar (sjá mynd 2).

### **Botn** (sjá mynd 1 og 3)

Í botni gryfjunnar og við austurbrún hennar eru þykk kolalög, sem einna helst minna á gólf. Þau eru mjög leirkennd og er kolainnihald mjög mikið. Vegna rasks við fyrri framkvæmdir og vegna þess hve rannsóknarholan er lítil er ekki hægt að fullyrða með öruggri vissu hvort botn grunnsins nái í raun ofan í gólf byggingar sem er enn eldri en áður nefndur torfveggur, hrun og steinhleðslur. Í kolalögunum eru stöku steinhellur. Gætu þessi ummerki í heild bent til að hér hafi staðið mannvirki sem hefur verið mjög lengi í notkun. Ekki var grafið ofan í gólfögin og gætu eldri mannvistarleifar leynst þar undir. Ekki verður úr þessum málum skorið nema með frekari rannsókn.

Öll jarðlög á staðnum reyndust mjög blaut og úr botni gryfjunnar kom upp vatn.

### **Samantekt**

Fyrirhugað er að reisa nýja viðbyggingu á þessum stað sem verður ögn stærri en sá grunnur sem nú er við húsið. Verði sú raunin, mun þurfa að fjarlægja töluvert af mannvistarleifum. Ef gerð verður björgunarrannsókn sem takmarkast við stærð grunnsins mun upplýsingum um mannvistarleifar þar verða bjargað. Rétt er að taka fram að efast má um hve mikið gildi slíkar upplýsingar munu hafa: grafinn yrði fram torfveggur, brot af steinhleðslu og gólf og á ekkert þessara mannvistarlaga saman, heldur eru þau hlutar af a.m.k. þremur byggingarskeiðum eða byggingum. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar væri betra að opna stærra svæði og rannsaka til fullnustu þær byggingar sem eru á reitnum. Það sjónarmið kann hinsvegar að rekast á við hagsmuni framkvæmdaaðila, a.m.k. hvað kostnað varðar, en á hinn bóginn gæti slík rannsókn leitt fram nýjar upplýsingar um sögu staðarins og aukið menningarsögulegt gildi hans. Þær upplýsingar gætu þó jafnframt fallið að nýrri starfsemi menningarmiðstöðvar sem fyrirhuguð er á gamla bæjarhólnum.



**Mynd 1 (horft í NV, 3 m eru á milli hælanna).** Torfveggir eru í vesturhlíð gryfjunnar og grjóthleðslan fyrir miðri mynd. Gula plastið í norðursniðinu markar jarðstreng sem þar liggur.



**Mynd 2 (horft í A).** Þykk ösku- og kolalög við norðursnið gryfjunnar. Kvarðinn er 0,2 m.



**Mynd 3 (horft í NA, 3 m eru á milli hælanna).** Austurhlíð er röskuð af framkvæmdum u.þ.b. 1,4 m niður (niður að bálkinum sem tunnann liggur á. Steypt skolprör stendur út úr sniðinu milli tanksins og hæsins vinstra megin á myndinni. Í brúninni á bálkinum lá steinsteypni sökullinn og þar í sjást samanþjöppuð gólflög.

## Gripir

Ekki fundust margir gripir í fyllingunni context [001] en talsvert af beinum. Varðveisluskilyrði virðast vera mjög góð enda jarðlögin þétt, blaut og næstum leirkennd. Leirkersbrotin eru talin a.m.k. frá 18.-19. öld.<sup>1</sup>

Númer	Jarðlag	Tegund	Efni	Fjöldi	Þyngd (g)	Lýsing
1	1	Rónaglar	Járn	3	46	Bátanaglarnir eru 30-41 mm langir, allir heilir með viðarleifum.
2	1	Ílát	Leir	5	108	1 hvítglerjað brot með viðgerðarholu, 19. öld. 3 jarðleirsbrot óglerjuð, 18.-19. öld. 1 rauðleirsbrot með grænum glerjungi, 18.-19. öld.
3	1	Hlutir	Járn	2	1482	Þungir sívalir járnhlutir með hnúð á enda, ógreindir.
4	1	Múrsteinn	Leir	3	316	Brúndrappað og rautt brot.
5	1	Dýrabein	Bein	x	1057	A.m.k. kinda- og fiskibein

<sup>1</sup> Gavin Lucas fornleifafræðingur, munnleg heimild.